

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um starfsmenn ráðuneytisins og stofnana á málefnasviði ráðherra.

Frá og með 1. maí 2017 tóku tvö ráðuneyti til starfa eftir uppskiptingu innanríkisráðuneytisins, þ.e. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti annars vegar og dómsmálaráðuneyti hins vegar. Þær stofnanir sem fluttust til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins voru Vegagerðin, Samgöngustofa, Þjóðskrá Íslands, Byggðastofnun, Póst- og fjarskiptastofnun og rannsóknarnefnd samgönguslysa. Svárið miðast við rekstur þessara stofnana allt árið 2017 og koma upplýsingar frá þeim sjálfum.

1. *Hvaða starfsmönnum ráðuneytisins og stofnana á málefnasviði ráðherra lagði ríkið til bifreið árið 2017? Hvert var heildarverðmæti bifreiðanna?*

Ráðuneytið leggur einungis ráðherra til bifreið, en bílstjóri ráðherra hefur alfarið umsjón með henni. Ein stofnun lagði starfsmanni til bifreið á árinu 2017 í þeim skilningi að um væri að ræða heimild til einkaafnota, en um er að ræða forstjóra Byggðastofnunar samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar. Stofnanir geta átt bifreiðar sem nýttar eru í þágu tiltekinna verkefna og eru þá til almennra nota hjá viðkomandi stofnun. Til dæmis á Póst- og fjarskiptastofnun tvær bifreiðar sem nýttar eru til verkefna víða um landið í tengslum við radiótruflanir og skoðanir á radióbúnaði, m.a. um borð í skipum. Þjóðskrá Íslands er með sjö bifreiðar sem notaðar eru í daglegum rekstri stofnunarinnar, svo sem við skoðun fasteigna vegna ákvörðunar brunabótamats og fasteignamats og vegna tölvurekstrarþjónustu. Ekki er litið svo á að fyrirspurn þingmannsins beinist að slíkum bifreiðanotum.

Tafla 1. *Bifreiðar til einkaafnota, fjöldi og verðmæti í árslok 2017.*

	Fjöldi bifreiða	Verðmæti
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	1	9.996.110
Byggðastofnun	1	10.064.695

2. *Hver voru meðalheildarlaun starfsmanna ráðuneytisins annars vegar og þessara stofnana hins vegar árið 2017? Hver voru hæstu heildarlaun einstaks starfsmanns ráðuneytisins annars vegar og hveurrar stofnunar hins vegar árið 2017?*

Laun sem tilgreind eru í töflunni hér á eftir innihalda allar launategundir, þ.m.t. orlofs- og eingreiðslur en eru án launategndra gjalda. Hæstu laun hjá ráðuneytinu og einstökum stofnunum eru í öllum tilfellum vegna æðstu stjórnenda og eru ákvörðuð af kjararáði nema í tilfalli Samgöngustofu en þar er um að ræða laun flugumferðarstjóra, og er afturvirk og kjarasamningsbundin launaleiðrétting vegna ársins 2016 að fjárhæð um 2,6 millj. kr. innifalin í þeirri fjárhæð. Reiknuð bifreiðahlunnindi forstjóra Byggðastofnunar eru meðtalin í launum hans

í töflunni. Inni í meðallaunum rannsóknarnefndar samgönguslysa eru bakvaktagreiðslur rannsakenda sem starfa hjá stofnuninni.

Tafla 2. Meðaltalsárslaun og hæstu laun árið 2017.

	Heildarlaun á ári	Hæstu laun
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	9.846.494	21.750.388
Vegagerðin	8.885.973	16.531.851
Samgöngustofa	9.458.578	23.971.251
Þjóðskrá Íslands	8.197.225	15.276.447
Póst- og fjarskiptastofnun	9.864.504	15.506.196
Byggðastofnun	8.749.046	16.847.600
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	13.129.231	19.309.210

3. *Fengu einhverjir starfsmenn ráðuneytisins og stofnana á málefnasviði ráðherra endurgreiddan aksturskostnað árið 2017 og hver var heildaraksturskostnaður ráðuneytisins annars vegar og hveurrar stofnunar hins vegar? Hver var hæsta greiðsla til einstaks starfsmanns ráðuneytisins annars vegar og hveurrar stofnunar hins vegar?*

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir endurgreiddan aksturskostnað hjá ráðuneytinu og stofnunum þess á árinu 2017 ásamt hæstu endurgreiðslum. Hæsti heildarkostnaðurinn var hjá Vegagerðinni, en starfsmannafjöldi er um 300 auk sumarstarfsmanna á meira en 20 stöðum á landinu. Flestir starfsmenn vinna við þjónustu vegakerfisins eða verklegar framkvæmdir. Stofnunin hefur talið hagkvæmt að greiða fyrir akstur starfsmanna á eigin bifreiðum ef kílómetrafjöldi er undir 15.000 km á ári. Hæsta endurgreiðsla var í tengslum við eftirlit með brúarmannvirkjum. Engar stofnanir greiddu fasta aksturssamninga á árinu 2017 fyrir utan Byggðastofnun sem greiddi einum starfsmanni fastar akstursgreiðslur hluta úr árinu.

Tafla 3. Endurgreiddur aksturskostnaður árið 2017.

	Heildarkostnaður	Hæsta endurgreiðsla
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	153.120	64.900
Vegagerðin	24.019.852	1.288.699
Samgöngustofa	157.190	75.680
Þjóðskrá Íslands	65.120	42.460
Póst- og fjarskiptastofnun	32.576	19.156
Byggðastofnun	969.210	523.270
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	466.070	189.750

4. *Fengu einhverjir starfsmenn ráðuneytisins og þessara stofnana endurgreiddan ferðakostnað í formi dagpeninga innan lands eða utan árið 2017 og hver var þá heildarferðakostnaður ráðuneytisins annars vegar og hveurrar stofnunar hins vegar? Hver var hæsta greiðsla til einstaks starfsmanns ráðuneytis annars vegar og hveurrar stofnunar hins vegar vegna ferðakostnaðar innan lands annars vegar og erlendis hins vegar?*

Endurgreiddur ferðakostnaður í formi dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innan lands og utan grundvallast á reglum fjármála- og efnahagsráðuneytisins nr. 1/2009, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Í reglunum kemur m.a. fram að ef ekki er unnt að leggja fram reikninga eða um það samið, skulu ríkisstarfsmenn fá endur-

greiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innan lands með dagpeningum eins og þeir eru ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd, sbr. ákvæði í kjarasamningum fjármálaráðherra við ríkisstarfsmenn. Annar ferðakostnaður en fargjöld á ferðalögum ríkisstarfsmanna erlendis greiðist af dagpeningum sem ákveðnir eru af ferðakostnaðarnefnd, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðis og annars kostnaðar.

Kostnaður vegna dagpeninga innan lands var hæstur hjá Vegagerðinni, sem skýrist af fjölda starfsmanna og eðli verkefna. Hæstu greiðslur voru til starfsmanna vinnuflokka, starfsmanna við mælingar, þjónustu, stjórnun og eftirlit ásamt verkfræðingum sem vinna við hönnun og framkvæmdir. Annars vegar er um að ræða dagpeningagreiðslur ferðakostnaðarnefndar fyrir BHM- og SFR-starfsmenn og hins vegar dagpeninga vegna starfsmanna í Starfsgreinasambandi Íslands. Vegagerðin hefur m.a. metið það svo að hagkvæmara sé að greiða dagpeninga en að halda úti mótuneytum vítt og breitt um landið. Hins vegar er gerð sú krafa að starfsmenn kaupí fæði í reikning ef það er talið hagkvæmara. Hæstu dagpeningagreiðslur innan lands eru vegna starfsmanna brúarvinnuflokka, en þeir eru á sólarhringsdagpeningum Starfsgreinasambandsins stóran hluta úr árinu.

Tafla 4. *Dagpeningagreiðslur og heildarferðakostnaður árið 2017.*

	Dagpeningar innan lands	Dagpeningar erlendis	Heildarferða- kostnaður
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	454.767	8.150.528	19.259.013
Vegagerðin	199.513.950	12.523.682	599.350.317
Samgöngustofa	1.273.980	29.476.334	45.846.189
Þjóðskrá Íslands	4.463.800	5.237.781	13.297.217
Póst- og fjarskiptastofnun	755.200	5.220.657	8.832.051
Byggðastofnun	6.217.100	2.676.113	17.328.507
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	168.600	2.800.543	5.043.403

Tafla 5. *Hæstu dagpeningagreiðslur árið 2017.*

	Dagpeningar innan lands	Dagpeningar erlendis
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	59.500	708.670
Vegagerðin	4.845.200	710.963
Samgöngustofa	345.900	1.673.287
Þjóðskrá Íslands	672.400	1.222.283
Póst- og fjarskiptastofnun	436.000	1.088.461
Byggðastofnun	620.300	410.821
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	61.600	1.102.563

5. *Var símakostnaður greiddur fyrir einhverja starfsmenn ráðuneytisins og stofnana á mál-efnasviði ráðherra árið 2017 og þá fyrir hve marga starfsmenn ráðuneytisins annars vegar og hve marga stofnunar hins vegar? Hver var heildarkostnaður ráðuneytisins og hve marga stofnunar vegna símakostnaðar? Hver var hæsta greiðsla vegna einstaks starfsmanns ráðuneytisins annars vegar og hve marga stofnunar ráðherra hins vegar?*

Algennt er að ráðuneyti og stofnanir taki þátt í símakostnaði starfsmanna, þá einkum vegna farsímanotkunar en í sumum tilfellum einnig vegna fjarvinnupakka/nettengingar. Sam-

göngu- og sveitarstjórnarráðuneytið greiðir kostnað af farsímaáskrift fyrir þá starfsmenn ráðuneytisins sem kjósa að hafa aðgang að tölvupósti í farsímanum og er kostnaður um 3.300 kr. á starfsmann á mánuði. Kostnaður vegna síma ráðherra, ráðuneytisstjóra, aðstoðarmanna ráðherra og skrifstofustjóra er greiddur að fullu. Hjá Vegagerðinni nemur greiðslupak á farsímaáskrift 10.000 kr. Starfsmenn greiða fyrir umframnotkun. Þeir sem þurfa að vinna heima geta sótt um greiðslupátttöku í VPN-tengingu. Hjá Samgöngustofu er kostnaðarhlutdeild allt að 15.000 kr. á mánuði á starfsmann fyrir þá aðila sem þurfa að vera með símtæki á vegum stofnunarinnar. Þjóðskrá Íslands greiðir fyrir staðlaða áskriftarpakka sem kosta 2.400–3.500 kr. auk heimatengingar hjá þeim starfsmönnum sem þess þurfa starfa sinna vegna. Hjá Póst- og fjarskiptastofnun fengu allir 22 fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar greidda hlutdeild í símakostnaði á árinu 2017 að hámarki 5.000 kr. vegna farsíma og 9.000 kr. vegna ljósleiðara-tengingar. Byggðastofnun greiðir að hámarki 5.000 kr. á mánuði vegna farsímanotkunar sérfræðinga og forstöðumanna og auk þess er greitt fyrir nettengingu hjá forstöðumönnum og forstjóra.

Tafla 6. Greiddur símakostnaður vegna starfsmanna árið 2017.

	Fjöldi starfsmanna	Heildar- kostnaður	Hæsta greiðsla
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	33	1.516.076	108.580
Vegagerðin	250	24.978.421	113.168
Samgöngustofa	77	2.667.022	127.150
Þjóðskrá Íslands	57	3.870.148	142.154
Póst- og fjarskiptastofnun	22	3.750.000	168.000
Byggðastofnun	20	1.405.027	114.751
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	7	506.735	124.221

6. Fengu starfsmenn ráðuneytisins eða þessara stofnana greidda fatapeninga árið 2017?

Hver var þá heildarkostnaður ráðuneytisins og hveurrar stofnunar vegna fatapeninga?

Bílstjóri ráðherra fékk greiddan fatastyrk á árinu 2017 og nam fjárhæð hans 50.000 kr. Samgöngustofa greiddi tíu starfsmönnum fatastyrki samkvæmt stofnanasamningi og þremur starfsmönnum samkvæmt kjarasamningi. Tveir starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar, sem starfa við skipaskoðanir, fá greidda fatapeninga vegna kaupa á hlífðarfátnaði í samræmi við ákvæði í kjarasamningum Rafiðnaðarsambands Íslands. Hjá Byggðastofnun fá allir starfsmenn fatastyrk sem nam um 114.000 kr. á starfsmann á síðasta ári. Taflan sýnir greidda fatastyrki til starfsmanna, en ekki er tekið tillit til fatnaðar sem ríkið útvegar starfsmönnum vegna sérstakra krafna, svo sem hlífðarhjálma, hlífðarfátnaðar og þess háttar.

Tafla 7. Greiddir fatastyrkir til starfsmanna og fjöldi.

	Fjöldi starfsmanna	Heildar- kostnaður
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	1	50.000
Samgöngustofa	13	564.383
Póst- og fjarskiptastofnun	2	136.430
Byggðastofnun	24	2.508.240